



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-12  
150 Reykjavík

Reykjavík 15. nóvember 2012

**Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um tillögu til þingsályktunar um málefni barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun þingskjal 80 – 80. mál.**

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) fagnar tillögu til þingsályktunar um málefni barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun. ÖBÍ tekur undir með flutningsmönnum tillögunar um mikilvægi þess að Alþingi bregðist skjótt við og álykti um nauðsyn þess að niðurstöðum skýrslu mennta og menningarmálaráðherra um málefni barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun verði fylgt eftir með viðeigandi aðgerðum og fjármagni. Styðja þarf við, eins og getið er í skýrslunni, greiningu ungra barna og snemmtæka íhlutun þar sem þörf er á, til að fyrirbyggja námserfiðleika barna eða draga úr þeim eins og hægt er.

Öryrkjabandalag Íslands vonar að Alþingi afgreiði þessa tillögu sem fyrst.

Virðingarfyllst  
f.h. Öryrkjabandalags Íslands

Guðmundur Magnússon-formaður